



Reykjavík 08. janúar 2014

Ágæti MATVÍS félagi.

Kjarasamningurinn sem aðildarsamtök Alþýðusambands Íslands undirrituðu þann 21. desember 2013 við Samtök atvinnulífsins er svokallaður aðfarasamningur. Auk launabreytinga gefur samningurinn aðilum 12 mánuði til að vinna að gerð langtímasamnings sem á að tryggja stöðugleika í íslensku efnahagslífi og aukinn kaupmátt til framtíðar. Vinna við undirbúning slíks langtímasamnings hefst strax í byrjun nýs árs. Með samningnum er tekin upp sú nýbreytni að gengið er frá sérstakri viðræðuáætlun sem unnið verður eftir á árinu 2014 með tímasettum markmiðum um framvindu.

Aðildarsamtök ASÍ settu sér það markmið með nýjum kjarasamningi að auka kaupmátt, hækka lægstu laun umfram önnur laun, tryggja lága verðbólgu og undirbyggja stöðugleika. Þessi kjarasamningur eru mikilvægt skref í þessa átt, þar sem tekist hefur að tryggja helstu markmiðin. Nýi kjarasamningurinn gildir frá 1. janúar til 31. desember 2014.

### **Helstu atriði nýs kjarasamnings**

#### **Kaupliðir**

##### *Almenn launahækkun*

Hinn 1. janúar 2014 skulu laun hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

##### *Sérstök hækkun kauptaxta*

Í stað áðurgildandi kauptaxta komi nýir sem eru hluti samninga viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ. Launataxtar undir 230.000 kr. á mánuði hækka sérstaklega um 1.750 kr. Kauptaxtar gilda frá 1. janúar 2014.

##### *Lágmarkstekjur fyrir fullt starf*

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skv. kjarasamningum viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ skulu vera kr. 214.000 frá 1. janúar 2014 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfelld hjá sama fyrirtæki.

##### *Desember- og orlofsuppbót*

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 53.600 (VR/LÍV 60.900).

Orlofsuppbót (1.mái til 30. apríl) miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 29.500 (VR/LÍV 22.200).

Framlög til fræðslu- og starfsmenntasjóða hækka um 0,1% .

## **Aðfarasamningur**

Við gildistöku samningsins hefjast viðræður um endurnýjun kjarasamninga sem taki gildi við lok þessa samnings. Unnið verður eftir viðræðuáætlun sem telst hluti samningsins og í samræmi við eftirfarandi forsendur og markmið.

## **Efnahagsumgjörð**

Samningsaðilar vilja ná víðtækri samstöðu um að rjúfa vítahring verðbólgunnar. Með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar dags. 15. nóvember 2013 var komið á samstarfsvettvangi milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda þar sem unnið verður að því að markmið samnings þessa ná fram að ganga. Aðilar vinnumarkaðar, stjórnvöld og Seðlabankinn bera sameiginlega ábyrgð á því að koma á og viðhalda efnahagslegum stöðugleika.

## **Aðgerðir til stuðnings kaupmætti**

Forsenda þess að unnt verði að gera kjarasamninga til a.m.k. tveggja ára fyrir lok samningstímans er að mótuð hafi verið ný peningamálustefna sem stefna stjórnvalda í efnahags- og félagsmálum styður á hverjum tíma. Mikilvægt er að verðbólgu markmið ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, 2,5%, náist á árinu 2014. Hjöðnun verðbólgu krefst samstillingar ákvarðana á vinnumarkaði, í fjármálum ríkis og sveitarfélaga og í peningamálum. Ef takast á að halda verðbólgu í skefjum þurfa ríki, sveitarfélög og fyrirtækin í landinu að gæta ýtrasta aðhalds þegar kemur að verðhækkunum.

## **Helstu ávinningar samningsins**

- Almenn launahækkun.
- Sérstök áhersla á hækkun lægstu launa.
- Aukið fjármagn og kraftur settur í starfsmenntamál.
- Efri mörk í lægsta þrepi tekjuskatts hækka úr 256.000 kr. í 290.000 kr. Skatthlutfall í miðþrepi lækkar úr 25,8% í 25,3%.
- Stærstu sveitarfélög landsins hafa tekið áskorun verkalýðshreyfingarinnar og hækka ekki gjaldskrár sínar um áramót. - Gjaldskrárhækkanir ríkisins verða ekki meiri en 2,5% á ári, ríkisstjórnin mun endurskoða breytingar á gjöldum sem þegar hafa verið samþykktar.
- Gjaldskrárhækkanir fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga verði innan verðbólgu markmiðs Seðlabankans.
- Unnið verði að því að við framkvæmd kjarasamninga verði miðað við umfang umsaminna launahækkana ásamt samningsbundnum starfsaldurshækkunum og starfsþróunar þannig að hún samrýmist verðbólgu markmiðum Seðlabanka Íslands.
- Ráðist verður í markvissar aðgerðir til stuðnings auknum kaupmætti.
- Samstilltar aðgerðir samningsaðila til að halda verðbólgu innan 2,5% markmiðs Seðlabanka Íslands.

## **Aðgerðir í félags- og menntamálum**

Í kjarasamningnum og yfirlýsingum ríkisstjórnar í tengslum við samningagerðina er fjallað um nokkra þætti er varða félags- og menntamál sem ætlað er að treysta stöðu launafólks á almennum vinnumarkaði. Þar má nefna; jöfnun lífeyrisréttinda, umbætur í húsnæðismálum, umbætur í menntamálum og mótun markvissrar vinnumarkaðsstefnu sem hefur að markmiði að stuðla að velferð þeirra sem starfa á innlendum vinnumarkaði og stuðla að virkri þátttöku sem flestra á vinnumarkaði. Frekari kynning verður á félagsfundum.

---

# FÉLAGSFUNDIR

MATVÍS verður með félagsfund á Akureyri og í Reykjavík :

**Akureyri á Hótel KEA þriðjudaginn 14. janúar kl. 16:00**

**Reykjavík Stórhöfða 31 miðvikudaginn 15. janúar kl. 16:00**

Dagskrá:

- Nýgerðir kjarasamningar kynning og umræður.
- Íslandsmót iðngreina
- Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til þess að mæta á fundina til þess að fá frekari útskýringar á kjarasamningunum og þeirri aðferðafræði sem ætlunin er að nota í samningagerðinni í framtíðinni.

## **Framkvæmd póstatkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning**

Með þessu bréfi er kjarasamningur undirritaður 21. desember 2013 og atkvæðaseðill sem þú setur aðeins einn kross á, já eða nei.

Einnig eru þrjú umslög 1 merkt **atkvæðaseðill**, í það fer atkvæðaseðillinn, það umslag fer í umslagið **atkvæði vegna samnings** þar þarf eiginhandararitun þína. Það er gert til þess að merkja í kjörskrá þannig að hver aðili kjósi einungis einu sinni.

Það umslag fer í **svarsending** til kjörstjórnar ( má setja ófrímerkt í póst).

### **Atkvæðaseðlarnir þurfa að hafa borist kjörstjórn fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 21.janúar 2014**

Athugið: Ekki má setja neitt annað á atkvæðaseðilinn en X í annan hvorn reitinn. **Skrifið ekkert annað á seðilinn því þá telst hann ógildur.**

Félagar nýtið ykkur atkvæðaréttinn.

Reykjavík 8. janúar 2014

Með félagskveðju

Kjörstjórn Matvæla- og veitingafélags Íslands

Kjarasamningur  
Yfirlýsing fjármálaráðherra